

**Nd.**

## **66. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 77 7. maí 1940, um greiðslu verðlagsuppbótar á laun embættismanna og starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

Flm.: Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

1. gr.

Í stað orðanna „1. jan. 1940“ í 1. gr. laganna komi: 1. jan. 1941.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Af launum, sem ekki eru hærri en svo, að kaupmáttur þeirra jafngildi 650 króna mánaðarlaunum í janúar—marz 1939 samkvæmt vísitölu Hagstofu Íslands um framfærslukostnað í Reykjavík, greiðist full verðlagsuppbót samkvæmt nefndri vísitölu. Þó greiðist aldrei hærri verðlagsuppbót en svo, að mánaðarlaunin að henni viðbættri jafngildi 650 kr. mánaðarlaunum í jan.—marz 1939.

3. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsuppbótin greiðist eftir á, mánaðarlega í senn, og miðast við vísitölu næsta mánaðar á undan.

### **Greinargerð.**

Starfsmenn ríkisins eru nú eina starfsmannastéttin í landinu, sem ekki hefur fengið uppbætur vegna dýrtíðarinnar samkvæmt gildandi vísitölu. Er þó vitanlegt, að fjöldi starfsmanna ríkisins, svo sem barnakennarar, eru svo lágt launaðir, að þeir geta ekki veitt sér brýnustu nauðsynjar. Getur það ekki talizt vansalaust fyrir menningarþjóð að búa svo að starfsmönnum sínum, að þeir geti ekki helgað sig óskiptir því starfi, sem þeim er ætlað að vinna í þágu þjóðfélagsins, vegna lélegra launakjara.

Flutningsmenn höfðu búizt við, að stjórnin myndi þegar í þingbyrjun leggja fram tillögur til þess að ráða bót á þessu. En það hefir brugðizt. Þar sem vitanlegt er, að lægra launaðir starfsmenn ríkisins eru svo stæðir, að það þolir enga bið, að hlutur þeirra sé réttur, þá höfum við talið óhjákvæmilegt að láta það ekki dragast lengur, að frumvarp um þetta efni kæmi fram.